



921. fundur stjórnar GSÍ 11.12.2019 kl.18:00 haldinn í fundarsal Nauthóls.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hörður Geirsson, Hansína Þorkelsdóttir, Hulda Bjarnadóttir, Jón B. Stefánsson, Viktor E. Viktorsson, Ólafur Arnarsson, Kristín Guðmundsdóttir, Páll Sveinsson, og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 920. fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Skipun í embætti

Haukur Örn lagði fyrir fundinn tillögu um skipun stjórnarfélks í embætti fyrir komandi starfstímabil. Tillagan var sú að gjaldkeri GSÍ yrði Kristín Guðmundsdóttir, varaforseti yrði Hörður Geirsson og ritari yrði Hansína Þorkelsdóttir. Tillagan var samþykkt samhljóma. Einnig óskaði Haukur Örn eftir því að stjórnarliðar veltu fyrir sér málaflokkum GSÍ og hvar þeir vilja beina sínum kröftum á komandi misserum. Skipað verður í nefndir á næsta stjórnarfundum.

3. Umsókn, Edwin Roald - Kolefnis Par

Farið var ítarlega yfir umsókn til þriggja ára frá Edwin Roald vegna verkefnisins "Kolefnis Par" sem hann kynnti á Golfþingi síðastliðinn nóvember. Umsóknin var samþykkt samhljóma með þeim fyrirvara að Edwin skili árlega stöðuskýrslu um framvindu mála og ávinning golfhreyfingarinnar. Framkvæmdastjóra var falið að útfæra samning milli aðila um samstarfið.

4. Kyllingar ársins

Tillaga afreksnefndar var tekin til umfjöllunar en tillagan var sú að nafnbótina kyllingur ársins 2019 hlyti í kvennaflokki Valdís Þ. Jónsdóttir GL og í karlaflokki Guðmundur Á. Kristjánsson GR. Tillagan var samþykkt samhljóma og framkvæmdastjóra falið að koma málinu í farveg.

5. Samstarfsaðilar - Starf markaðsstjóra GSÍ

Farið var yfir stöðu á samstarfsaðilum GSÍ ásamt því að rædd voru starfslok markaðsstjóra GSÍ og mögulegar breytingar á starfinu, þ.m.t ný starfslýsing. Stefnt er á að taka málið fyrir á næsta fundi stjórnar og fá tillögu framkvæmdastjóra að hinu nýja starfi og ráðningarfyrirkomulagi þess.



6. Erindi Fjölmiðlanefndar

Rætt var erindi Fjölmiðlanefndar sem barst þann 25.11.2019. Golfsamband Íslands hefur fallist á frumniðurstöðu Fjölmiðlanefndar vegna málsins og bíður nú eftir endanlegri niðurstöðu í málinu.

Önnur mál.

- Stjórn staðfesti heiðursveitingar þær sem veittar voru á Golfþingi 2019 en þar voru þeim Eggerti Sverrissyni, Úlfari Jónssyni, Elsu Valgeirsdóttur, Bergsteini Hjörleifssyni og Gunnari Gunnarssyni veitt gullmerki GSÍ og Stefáni Garðarssyni veitt silfurmerki GSÍ.
- Stuðningur við LEK nefnd GSÍ var ræddur og staðfest framlag til nefndarinnar að fjárhæð 450.000 kr. vegna ársins 2019.
- Rædd var sú hugmynd að hvetja stærri golfklúbba við að aðstoða þá smærri við innleiðingu á Golfbox, bjóða þeim á námskeið til sín á vormánuðum.
- Ákveðinn var fastur fundartími stjórnar fyrir árið 2020, annar mánudagur hvers mánaðar kl. 17:00.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.19.15